



SKÝRSLA STJÓRNAR OG NEFNDA

2022 -2023

Skýrsla stjórnar og nefnda Skíðasambands Íslands,
lögð fram á Skíðapingi á Sauðárkróki, 20. – 21. október 2023

Skýrsla

stjórnar SKÍ 2022 – 2023

Stjórn og nefndir

Á Skíðapingi 30. október 2021 voru eftirtalin kosin í nýja stjórn sambandsins til tveggja ára:

Stjórn

Bjarni Th. Bjarnason, formaður
Jón Egill Sveinsson, varaformaður
Hugrún Elvarsdóttir, ritari
Gísli Reynisson, gjaldkeri
Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður alpagreinanevndar
Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar
Friðbjörn Benediktsson, formaður snjóþreitanefndar

Varamenn

Kristinn Magnússon
Katrín Einarsdóttir
Davíð Björnsson

Nefndir

Stjórn SKÍ skipaði í nefndir á eftirfarandi hátt tímabilið 2021-2023:

Aganefnd 2021-2023

Elvar Örn Unnsteinsson, formaður
Brynhildur Georgsdóttir
Smári Þorvaldsson

Alpagreinanevnd 2021-2023

Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður
Erla Ásgeirsdóttir
Kristinn Magnússon

Laga- og reglugerðarnefnd 2021-2023

Elvar Jónsson, formaður

Ása Sandholt

Þórunn Sif Harðardóttir

Blaðsíða | 2

Skíðagöngunefnd 2021-2023

Einar Ólafsson, formaður

Elsa Guðrún Jónsdóttir

Rúnar Gunnarsson

Snjóþrettanefnd 2021-2023

Friðbjörn Benediktsson, formaður

Kristrún Lind Birgisdóttir

Aðalsteinn Valdimarsson

Fundur í stjórn og þátttaka í öðrum fundum og ráðstefnum

Stjórn SKÍ hefur haldið 12 stjórnarfundum frá Skíðapinginu í nóvember 2022, sem haldið var í Reykjavík. Allir fundirnir voru í gegnum fjarfundabúnað. Til framtíðar er ljóst er að fjarfundir verða áfram megin fundarformið vegna þess að góð reynsla er komin á það fundarform og það sparar einnig ferðalög og lækkar kostnað við fundahald. Hefðbundnir fundir í eigin persónu þurfa þó að vera nokkrir á hverju ári.

Fulltrúar SKÍ sóttu nokkra alþjóðlega fundi á síðastliðnu ári. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu tæknifund FIS í Cavtat-Dubrovnik í Króatíu 3. – 5. maí. Formaður sótti þing IBU í Vínarborg í Austurríki 30. júní til 2. júlí, en SKÍ vannur að fullri aðild að samtökunum á næstu misserum. Aðalsteinn Valdimarsson sótti fund WSF (World Snowboard Federation) 15. – 18. júní í Innsbruck. Fulltrúar SKÍ sóttu árlega haust ráðstefnu FIS í Zürich í lok september. Þar kynnti Johan Eliasch stefnu FIS í framtíðar-uppbyggingu sambandsins.

Fulltrúar á Íþróttapingi 5.-6. maí 2023 voru þau Daníel Jakobsson, Selma Árnadóttir og Arnfríður K. Arnadóttir. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu einnig formannafund ÍSÍ í nóvember 2022 sem fram fór í Fáksheimilinu í Reykjavík. Sigurður Sveinn Nikulásson ásamt framkvæmdastjóra og nýr afreksstjóri tóku sæti á fundum *Lowlanders* verkefnisins á árinu í stað fyrrverandi afreksstjóra. Auk þess tók formaður þátt í rafrænum fundi FIS þann 25. maí sl. og öðrum sambærilegum hjá IBU þann 22. mars.

100 ára afmælisþing FIS í Reykjavík 2024

Okkur hlotnast mikill heiður með því að vera gestgjafi á 100 ára afmælisþingi FIS sem haldið verður í Hörpu í Reykjavík 4. og 5. júní á næsta ári, en mörg önnur lönd buðust til að halda þingið líka í samkeppni við okkur. Undirbúningur er að langmestu leyti í höndum starfsliðs FIS

en við komum til með að leita til sjálfbóðaliða við framkvæmd og aðstoð. Ekki er áætlaður kostnaður vegna þingsins annar en einhver vinna skrifstofu og framlag sjálfbóðaliða. Þingið og nærvera nær allra leiðtoga heimsins á skíðum og snjóbrettum tækifæri fyrir okkur að draga meiri athygli að skíðahreyfingunni, því mikla og góða starfi sem unnið er hér á landi og öllu því sem þarf að bæta til að gera gott starf betra í framtíðinni.

Skrifstofa sambandsins og starfslið

Brynja Þorsteinsdóttir var ráðin sem afreksstjóri sambandsins sl. sumar, en gengið var frá starfslokum Dagbjarts Halldórssonar um vorið, en hann hafði verið fjarverandi vegna veikinda síðla vetrar. Eru honum færðar þakkir fyrir störf hans fyrir hreyfinguna um leið og nýr afreksstjóri er boðin velkomin til starfa. Brynja verður með aðalstarfsstöð sína í Reykjavík, en eftir er að ganga frá því endanlega hvar í Íþróttamiðstöðinni hún verður. Skv. ráðningarsamningi verður hún að jafnaði fimm daga í mánuði á skrifstofu sambandsins á Akureyri.

Vegard Karlstrøm var endurráðinn til eins árs sem landsliðsþjálfari í skíðagöngu, en Snorri Einarsson verður honum til aðstoðar.

Því er ekki að neita að mannabreytingar og forföll á skrifstofunni hafa valdið töfum og erfiðleikum við framkvæmd ýmissa verkefna innan sambandsins. Auk þess gerði ótíð hreyfingunni erfitt fyrir með mótahald í vetur og fór næstum allt mótahald hreyfingarinnar úr skorðum vegna veðurs. En með góðri hjálp innan hreyfingarinnar tókst að halda flest mót vetrarins þótt mörg þeirra væru flutt til bæði milli landshluta og á nýjum dagsætningum. Eiga fulltrúar þeirra félaga sem tóku að sér mót jafnvel með skömmum fyrirvara miklar þakkar skildar.

Fjármál og rekstur

Rekstur sambandsins hefur gengið vel að undanfögnu eins og ársreikningur 2022 sem liggur fyrir skíðaðingið sýnir. Bókhaldslega er afkoman betri en áður og hafa tekjur aukist og eru komnar yfir 155 m.kr. Mestu munar um hærri styrk frá FIS, sem að stórum hluta er tilkominn er vegna mótahalds hér á landi. Um 73% útgjalda sambandsins renna til íþróttatengdrar starfsemi, beint eða óbeint.

Þó svo að bókhaldslegur hagnaður hafi numið um 10 m.kr. á síðasta ári, eða um 6,5% af veltu, varð lækkun á lausafé eða handbæru fé sambandsins milli ára. Útistandandi kröfur, umfram reglubundna veltu, námu samtals um 19 m.kr. og hækkuðu um 4,5 m.kr. á milli ára. Þessar tölur hafa tímabundin áhrif á getu sambandsins til að standa við sínar skuldbindingar. Skýringuna á þessu ástandi má að hluta til rekja til hversu seint á árinu reikningar voru sendir út m.a. vegna mannabreytinga á skrifstofu og einnig vegna þess að greiðslur hafa skilað sér síðar en ella. Þá var Skíðasambandið milliliður skíðafólks við *Lowlander* verkefnið, sem reyndist bæði flókið að gera upp og þá skorti líka upplýsingar. Uppgjör við íþróttafólkið hefur því tekið lengri tíma en ætlað var og er það miður. Ákveðið hefur því verið að íþróttafólkið

sjálft geri upp við *Lowlander* án milligöngu sambandsins í framtíðinni. Verður það ferli bæði skýrara og skilvirkara.

Liður til að bæta gegnsæi á rekstri sambandsins er breytt uppfærsla á fjárhagsáætlun þessa þings. Er hún betur færð til samræmis við ársreikninga þess auk þess sem sýndur er samanburður við fyrri áætlanir og reikninga. Nánari upplýsingar um fjármál sambandsins er að finna í ársreikningum þess sem lagðir hafa verið fram hér á þinginu.

Blaðsíða | 4

Önnur ákvörðun til að bæta skilvirkni í rekstri sambandsins og gagnsæi gagnvart félögum og foreldrum, er að gera áætlanir um kostnað við ferðir, æfingabúðir o.fl. fyrirfram og kynna raunverulegan kostnað þátttakanda með góðum fyrirvara. Enn fremur að hlutdeild þátttakanda verði greidd fyrirfram og engir eftir á reikningar nema til komi óvæntur kostnaður. Bæði er ósanngjarnt að sambandið sé með „opinn reikning“ á útgjöld þátttakanda eða foreldra þeirra og að ekki sé hægt að taka afstöðu til þátttöku á grundvelli kostnaðar. Enn fremur sýnir reynslan að eftir á greiðslur eru bæði að berast seint og illa. Mikill tími fer í það hjá skrifstofunni að innheimta kostnað eftir á.

Gerður var samstarfssamningur við Höld bílaleigu til þriggja ára um ný keppnisvesti, sem tekin verða í notkun í vetur. Nú eru þau í tveimur stærðum, minni stærð með rauðum númerum og þau stærri með svörtum. Þetta ætti að henta okkar keppnisfólki betur.

Fræðslu- þróun og útbreiðslumál

Íþróttastefna SKÍ er komin til ára sinna og fyrir þinginu liggur tillaga um að hún verði endurskoðuð ásamt fleiri liðum. Vésteinn Hafsteinsson tók til starfa sem afreksstjóri ÍSÍ og ríkisins í vor eins og kunnugt er. Hann hefur kynnt metnaðarfullar áætlanir ríkisins og ÍSÍ um aukin fjárhagslegan stuðning ríkisins við íþróttir almennt, þ.m.t. afreksíþróttir. Samhliða því sem fjárveitingar hækka munu verða gerðar auknar kröfur til íþrótt- og afreksstefnu hreyfingarinnar. SKÍ hefur verið skilgreint sem A-samband og nýtur þar að leiðandi hærri styrkja úr Afrekssjóði en ella. SKÍ sem aðalvetrarleikjasamband hér á landi þarf eðlilega að uppfylla kröfur um metnað innan hreyfingarinnar og þær kröfur sem gerðar eru til sambandsins að hálfu ÍSÍ.

Að hálfu ÍSÍ er unnið að mun meiri og víðtækari stuðningi við íþróttafólk og hreyfinguna, s.s. nýjum launasjóði. Fyrirætlanir eru um að stóruka stuðning fyrirtækja við íþróttahreyfinguna. Einnig er unnið að því að samræma stefnu sveitarfélaganna og tengja þau betur við framkvæmd íþróttastefnu ásamt því að samræma uppbyggingu íþróttamannvirkja. Viðræður standa við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík um skipulag í rannsóknum og greiningum fyrir íþróttir í landinu. ÍSÍ efnir til ráðstefnu með ríkisstjórninni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga á Grand Hótel 20. nóvember nk. sem flestir úr hreyfingunni eru hvattir til að mæta á.

Skíðasambandið hefur fengið tvo styrki frá IBU til kynningar og útbreiðslu á skíðaskotfimi í landinu. Haldin hafa verið nokkur kynningarmót og áfram verður unnið að kynningu á íþróttinni hér á landi. SKÍ er viðurkennt samband að hálfu ÍSÍ sem fulltrúi IBU hér á landi.

Efling fræðslustarfs er mikilvægur þáttur í eflingu íþróttarinnar, bæði meðal þjálfara og sjálfboðaliða inna hreyfingarinnar. Það verður meðal krafna samhliða meira fjármagni og bættu starfi hreyfingarinnar frá faglegum sjónarmiðum.

Iðkendur í skíðaíþróttagreinum hefur nokkurn veginn staðið í stað frá árinu 2010. Þá voru 1.347 skráðir iðkendur, en 1.655 í fyrra, en skráning iðkenda sveiflast eðlilega nokkuð á milli ára. Kynjahlutfall iðkenda hefur verið því sem næst alveg jafnt þó einhverjar sveiflur séu milli ára. ÍSÍ býður ekki upp á aðra sundurliðun en eftir kynjum og íþróttahéruðum. Sjá viðauka með nánari upplýsingum.

Blaðsíða | 5

Aðstaða er einn mikilvægasti hlekkurinn í uppbygginu íþróttar, ásamt sterkri starfsemi félaga og góðum þjálfurum. Mikil umræða hefur verið um þjóðarleikvanga í landinu fyrir aðrar íþróttir og ljóst er að skíða- og brettaíþróttin verður að hafa sýn á þá aðstöðu sem þarf og koma með tillögur til úrbóta. Það er frumforsenda þess að einhver framþróun verði. Því er lagt til að við stefnumótun sambandsins að aðstöðumálin verði rædd á landsvísu og heildstætt.

Í framtíðarvinnu er einnig nauðsynlegt að skoða möguleika á að skipa nefnd íþróttamanna og skoða möguleika þeirra að komu að stefnumótun og stjórnun sambandsins. Þetta er alþjóðleg krafa, t.d. á vettvangi Alþjóða Ólympíunefndarinnar og hjá ÍSÍ, ásamt því að vera samfélagsleg krafa. Mikilvægast er þó að virkja ungt fólk í hreyfingunni og hugmyndir þeirra íþróttinni til hagsbóta.

Hæfileikamótun

Hæfileikamótun er mikilvægur þáttur í bæði fræðslu- og útbreiðslustarfi hreyfingarinnar. Því er mikilvægt að ungu- og uppnennandi skíða- og brettafólki séu boðin tækifæri til að þroska og þróa sína getu og hæfileika. Haldnar eru æfingabúðir fyrir allar greinar. Afreksstjóri SKÍ heldur utan um þetta verkefni en einnig hafa verið ráðnir aðilar til að halda utan um verkefni í öllum greinum.

Alpagreinar

Hæfileikamótun í alpagreinum sem átti að vera í nóvember 2022 féll niður vegna veðurs og snjóleysis. Þrekkelgi hjá hæfileikamótun í alpagreinum í samstarfi við ÍR var 1.-3. september þar sem 20 krakkar mættu til leiks og fóru meðal annar í *Ironman Test*. Egill Ingi Jónsson og Fjalar Úlfarsson sáu um þjálfun þessa helgina.

Þá var farið til Hintertux í Austurríki með 33 krakka og fjóra þjálfara dagana 7. -17. október þar sem krakkarnir náðu 8 krefjandi en góðum skíðadögum ásamt þrekæfingum. Þjálfarar voru Egill Ingi, Fjalar, Grímur og Sigríður Dröfn.

Skíðaganga

Það voru tvær samæfingar á Íslandi, í júní í Reykjavík og í október á Akureyri. Um 20 iðkendur á hvorri samæfingu. Farin var æfinga- og keppnisferð til Noregs 28.12 til 05.01, 15 iðkendur voru með í ferðinni. Auk þess að ná að æfa vel þá tóku þau þátt í einu móti.

Einnig var farin keppnisferð til Voss í Noregi - Bikarmót/FIS mót. Í þeirri ferð voru 7 iðkendur, en mótið var eingöngu fyrir krakka fædda 2003-2006. Á öllum samæfingum og í keppnisferðum eru daglega haldnir fræðslufundir þar sem farið er yfir ýmis mál. Má þar nefna, mataræði, svefn, æfingadagbækur, tækni, skipulagning æfinga og gerð æfingaáætlna. Markmið þessarar fræðslu er að byggja undir sjálfstæði iðkanda og fá hann til að taka ábyrgð á eigin æfingum og skipulagningu æfinga. Í vetrarferðinni er einnig farið yfir umhirðu og undirbúning skíða fyrir æfingar og keppni.

Blaðsíða | 6

Snjóþretti

A og B landsliðið ásamt Hæfileikamótun fóru til Ósló 14.-22. október. Steve Addicott og Jökull Elí Borg voru þjálfarar í ferðinni. Landsliðið fór í æfingaferð til Klappen í Svíþjóð 13. 17. September þar sem þau æfðu á *Airbag* í 4 daga og fór Steve með sem þjálfari.

Hluti af landsliðinu fór einnig til *Landgraaf* í Hollandi núna í október þar sem þau æfðu í nokkra daga og enduðu svo á því að taka þátt í FIS móti þar. Hluti af liðinu var þá við æfingar í Klappen.

Fyrsta æfingahelgin, sem átti að vera hjá hæfileikamótun í snjóþrettum í byrjun september sl., var aflýst vegna dræmrar þátttöku. En síðan var farið á Hintertux í Austurríki 7.-17. október með 5 snjóþrettakrakkar og 1 *Freestyle* skíðastrák. Jökull Elí Borg og Oddur Vilberg Sigurðsson voru þjálfarar.

Afreksmál

Stjórn sambandsins valdi Snorra Einarsson og Hólmfríði Dóru Friðgeirsdóttur sem skíða- og brettafólk ársins 2022 og hlutu þau viðurkenningu sem slík að hálfu ÍSÍ. Snorri var auk þess valinn íþróttamaður ársins í Reykjavík. Nánari upplýsingar um einstakar greinar er að finna í skýrslum formanna nefnda sem þeir gera nánar grein fyrir.

Um mót á vegum SKÍ

Mótakerfi SKÍ

Eitt af mikilvægari verkefnum hreyfingarinnar er að koma á miðlægri skráningu móta og úrslitavinnslu í gegnum Mótakerfi sambandsins. Reynt var að notast við kerfið í vetur, en það gekk ekki sem skildi. Nú liggja fyrir endurbætur á forritinu. Með innleiðingu á forritinu verður í framtíðinni hægt að halda utan um allar skráningar á mót innan hreyfingarinnar, birta öll úrslit og stigaútreikninga, þ.e. mótaskráningar, úrslit og stigaútreikningar innan hreyfingarinnar á einum stað, á heimasíðu sambandsins. Þá getur forritið einnig haldið utan

um skráningargjöldin á mót. Með því verður einnig hægt að gera upp við mótshaldara mun fyrr og með skilvirkari hætti en hingað til. Með mótakerfinu eiga allar skráningar, úrslitavinnsla og stigaútreikningar verða öruggari og minni hætta á mistökum eða röngum upplýsingum.

Mótakerfinu er ekki ætlað að halda utan um tímatöku í göngu og alpagreinum eða einkunnargjöf á snjóbrettamótum. Skráningar og úrslit er auðveldlega hægt að flytja á milli kerfa hindrunarlaust og er sá þáttur í vinnslu hjá sambandinu.

Með innleiðingu þessa kerfis færast þessir hlutar mótahalds hjá okkur nær nútímanum, en mikill tími hefur farið í skráningar á mót, útreikninga á stigum og birtingu úrslita o.s.frv. Mótakerfi SKÍ var tekið í notkun á þar síðasta tímabili í prufukeyrslu. Margt mjög gott er við nýja kerfið en einnig er það í fullri uppfærslu að gera það enn þá betra. Markmiðið er að það nýtist hreyfingunni í langan tíma, spari tíma og auki öryggi.

Boðið verður upp á fræðslufundi um notkun Mótakerfisins í vetur fyrir allar greinar á aðskildum fundum, þar sem farið verður yfir notkun þess og möguleikum.

Mótahald

Mótatöflur fyrir 2022 – 2023 voru birtar síðast liðið haust venju samkvæmt. Mótin byrjuðu vel í janúar, en nær flestum mótum sem halda átti í vetur eftir miðjan janúar sl. þurfti að fresta, færa til í tíma eða stað eða jafnvel fella niður, vegna veðurs. Þrátt fyrir miklar tilfæringar tókst að halda öll þau FIS mót sem stefnt var að með mikilli hjálp hreyfingarinnar. Fjallað er um mótahald einstakra greina í skýrslum nefnda.

Ljóst er að ef mótahald á að ganga vel fyrir sig og við eigum að geta boðið okkar keppnisfólki upp á góð mót hér á landi verða framfarir að vera í aðstöðu til æfinga og keppni á skíðum og brettum eins og í öðrum íþróttagreinum í landinu. Skíða- og snjóbreittaíþróttin er sennilega sú grein sem hvað mest er háð veðri og aðstæðum sem við ráðum lítið við. Hægt er eigi að síður að bæta aðstöðu t.d. með aukinni snjóframleiðslu víðar og lengur en nú er gert. Einnig eru möguleikar á að nýta gerviefni bæði fyrir almenning og til æfinga og keppni utan þess tíma sem snjór er í fjöllum, bæði á láglendi og í brekkum. Víða erlendis er keppt og æft á skíðum og brettum á sumrin. Til framtíðar lítið, eigum við að geta æft skíði innan húss, rétt eins og aðrar utanhúss íþróttir. Hreyfingin þarf að móta sér stefnu í þessum málum til lengri tíma og hefja umræðu um þau mál opinberlega.

Lokaorð

Vinna við stefnumótun hreyfingarinnar er framundan.

Ný reglugerð Afrekssjóðs verður birt á næstunni með m.a. ítarlegri útfærslu á úthlutunarreglum en gilt hafa hingað til. Þessar reglur eru liður í auknum kröfum samhliða auknum fjárveitingum til íþrótt- og afreksmála sem væntanlega líta dagsins ljós á þar næsta ári, þ.e. 2025.

Skíðasambandið þarf að taka á ýmsum málum og setja í markvissan farveg. Um þessa helgi eru þrír einstaklingar á námskeiði FIS til að viðhalda og öðlast réttindi sem eftirlitsmenn (*Technical Delegates*) í alpagreinum. Við þurfum í framtíðinni að hafa fleiri einstaklinga sem eftirlitsmenn í öllum greinum skíðaíþróttar. Sama á við um menntun og endurmenntun þjálfara. Þar eru bæði alþjóðasambönd, sveitarfélög, ÍSí o.fl. að gera vaxandi kröfur til gæða þjálfunar og réttinda einstaklinga sem sinna þjálfun. Við þurfum að fylgja þeirri þróun.

Aðstöðumál er eitt af lykilmálum hreyfingarinnar. Ef skíðahreyfingin ræðir þessi mál ekki, kemur ekki með nýjar hugmyndir og tillögur, er ljóst að lítið sem ekkert gerist. Því þarf hreyfingin að hafa hugmyndir og vera samstíga í því að setja fram raunhæfar tillögur um úrbætur og aðgerðir.

Nauðsynlegt er fyrir hreyfinguna að eiga samtal um hvað við viljum, hvert við viljum stefna til framtíðar. Að öðrum kosti er hætt við að lítið ef nokkuð gerist. Það er okkur nauðsynlegt að vera samstíga í umræðu og aðgerðum svo trúverðugleiki skíðahreyfingarinnar haldist.

Að lokum þakkar stjórn SKÍ starfsmönnum, sjálfboðaliðum, nefndarfólki og skíðahreyfingunni fyrir gott samstarf sl. ár.

F.h. stjórnar SKÍ,

Bjarni Th. Bjarnason formaður.

Skýrsla alpagreinaneftndar 2022

Í nefndinni:

- Sigurður Sveinn Nikulásson - formaður
- Kristinn Magnússon
- Erla Ásgeirsdóttir

Blaðsíða | 9

Nefndin starfar samkvæmt starfsáætlun og fundar reglulega samkvæmt henni. Nefndin fundar reglulega með nýjum afrekstjóra Brynju Þorsteinsdóttir en einnig funda nefndarmenn án afrekstjóra þess á milli. Helstu verkefni nefndarinnar hafa verið fjárhagsáætlunargerð komandi starfsárs og val á landsliðum Íslands í alpagreinum og bæta fagmennsku í samskiptum og vinnuferlum.

Landsliðsmál

Mikið hefur gerst síðasta tímabil í stefnumótun, ferlum og breytingum á samningum við landsliðsfólk.

Settar hafa verið kröfur á landsliðsfólk um fjölda daga á skíðum, þrekpróf, skil á æfingadagbókum og áætlunum, gerð er krafa um mætingu í landsliðsverkefni og fl.

Fyrsta *Ironman Test* á vegum SKÍ var haldið í júní síðastliðnum og virkilega gaman að sjá bætingar frá júní fram að næsta testi sem var í lok ágúst. Markmiðið er að innleiða *Ironman Test* sem viðmið fyrir skíðafólk á Íslandi til að meta líkamlegt atgervi og að hafa það sem eitt af viðmiðum við val í landslið. AGN hvetur því skíðafélögin til að kynna sér prófin og kynna þau fyrir sínum iðkendum.

Landslið í AGN er fullskipað með 4 í A liði og 6 í B liði:

- Í A liði eru Bjarni Þór Hauksson, Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, Matthías Kristinsson og Tobias Hansen.
- Í B liði eru Björn Davíðsson, Elín Van Pelt, Gauti Guðmundsson, Hjördís Birna Ingvadóttir, Jón Erik Sigurðsson og Torfi Jóhann Sveinsson.

Undirritaður og afrekstjóri Brynja Hrönn tóku viðtal við alla í landsliðinu og fórum yfir samninga, kröfur og skipulag.

Stefnt er á sameiginlegan landsliðs Camp

01.12-12.12 í Geilo Noregi og enda æfinabúðirnar (campurinn) á fyrstu mótum vetrarins en þau verða einnig í Geilo.

Einnig er stefnt á annan landsliðs camp í lok janúar.

Síðastliðinn vetur var farið á 2 stórmót

- Annað þeirra var *EYOF* og var farið með fullskipað lið með fjórum stúlkum og fjórum drengjum. Bjarni Þór og Matthías stóðu sig virkilega vel og náðu einum besta árangri sem íslenskir keppendur hafa náð á þessu sterka móti en Matthías endaði í 8 sæti í svigi og Bjarni í 9 í svigi og 10 sæti í stórsvigi. Aðrir keppendur í alpagreinum voru Esther Ösp Birkisdóttir, Eyrún Erla Gestsdóttir, Sonja Lí Kristinsdóttir, Stefán Gíslason, Torfi Jóhann Sveinsson og Þórdís Helga Grétarsdóttir.

- Heimsmeistaramótið var haldið í Méribel og Courchevel í Frakklandi þar sem þátttakendur voru Katla Björg Dagbjartsdóttir, Gauti Guðmundsson og Jón Erik Sigurðsson. Gauti og Jón Erik, kepptu í undankeppni í stórsvigi og svigi. Engin undankeppni var hjá konum og keppti því Katla Björg í aðalkeppninni í Méribel. Gauti tók svo þátt í aðalkeppninni í stórsvigi og svigi. Í stórsviginu komst hann í topp 60 og þar af leiðandi seinni ferð og endaði að lokum í 45 sæti.

Landsmót var fjölmennara enn oft áður og voru góðir möguleikar á sterku punktamóti í karlaflokk. Akureyringar og Dalvíkingar stigu inn fyrir Austfirðinga og héldu frábært landsmót.

Hæfileikamótunarverkefni hélt áfram, í okt 2022 var breytt frá fyrirhuguðum plönum að fara á Hintertux og farið í innanhúskiðahöll í Noregi sem gekk fínt.

Seinna verkefnið sem átti að vera á Íslandi í nóv/des gekk ekki upp vegna aðstæðna og anna þjálfara sem tóku að sér verkefnið, reynt var aftur með stuttum fyrirvara að halda æfingabúðir seinnipart apríl enn hætt var við vegna hversu fáir skráðu sig.

Ferðin á Hintertux október 2023 er nýbúin og gekk mjög vel, aðstæður voru oft krefjandi enn líka góðar, miklum tíma var eitt í að skoða aðra möguleika og dagsetningar vegna áhyggja þjálfara hæfileikamótunar um að aðstæður væru ekki nægilega góðar, AGN fundaði um málið og lagði til að halda plönunum og varð útkoman frábær enda frábærir þjálfarar og farastjórar sem fóru og gerðu þetta allt upp á 10. Tæplega 40 krakkar úr alpagreinum fóru í þessa ferð og var ekki annað að sjá að mikil framför og gleði sem einkenndi þessa ferð.

Afrekstjóri sá til þess að þessi ferð var mjög sýnileg á netmiðlum og tími til komin að SKÍ sé loksins orðið sýnilegt í verkefnum sýnum og allt til mikillar fyrirmyndar.

Allir sem fóru út sem þjálfarar, farastjórar og aðstoðarmenn eiga miklar þakkir fyrir frábæra Hintertuxferð 2023.

Á næsta ári verður skoðað að fara í innanhússkiðahöll í stað þess að fara á Jökul.

Lowlanders verkefnið stóð frammi fyrir áskorunum síðasta tímabil, staðsetning miðstöðvar liðsins var óheppileg vegna snjóleysis í nágrenni hennar. Of langur tími fór í að komast í æfingabrekkur og erfitt að fá brautarlínur. Nokkur fækkun hefur orðið í *Lowlanders* og var ráðist í endurskipulagningu sem tók mið af óskum iðkenda í liðinu.

Tímabilið 2023-24 lítur vel út en mjög hæfir þjálfarar eru að þjálfra hjá *Lowlanders*. Liðinu er skipt í A og B lið. A liðið er með um 5-6 iðkendur, þar á meðal einn frá ÍSL Gauti Guðmundsson sem fylgir fullu prógrammi. Aðrir munu nýta sér dag fyrir dag í valdar dagsetningar með B liði LWL enn Egill Ingi þjálfar B hlutann.

A-liðið er ekki með fasta miðstöð og eru valdir æfingastaðir þar sem aðstæður eru bestar hverju sinni sem er samkvæmt óskum iðkenda. Í B-liði *Lowlanders* eru um 3-5 iðkendur að æfa, það er opin hópur sem getur nýst okkur Íslendingum (iðkendum) vel, því við getum hoppað inn og út til að ná í skíðadaga í góðum aðstæðum erlendis.

Nú þegar þetta er skrifað hefur *Lowlanders* prógrammið boðið upp á 40 skíðadaga frá í maí 2023 á jöklum og skíðahöllum í Evrópu. Samkvæmt áætlun liðsins verða komnir um 60 dagar á skíðum 1. des.

Til þess að efla *Lowlanders* verkefnið enn frekar þá þarf SKÍ að koma betur að stjórnartaumunum og gríðarleg vinna fer í það og lítill tími er afgangs hjá afrekstjóra og framkvæmdarstjóra og leitar því undirritaður eftir hugmyndum um vinnuframlag til *Lowlander* til að bæta það og fylgja eftir.

Fræðslumál hafa staðið á hakanum en við erum búin að tala við Snorra Pál um að taka að sér endurmenntun þjálfaranámskeiða í vetur í 1 hluta og að 2025 munum við halda hluta 2.

Blaðsíða | 11

Katla leggur skíðin á hilluna

Í lok ágúst tilkynnti Katla Björg Dagbjartsdóttir að hún ætlar að leggja keppnisskíðin á hilluna, eftir þrálát höfuðmeiðsli. Alpagreinaneftnd Skíðasambands Íslands óskar Kötlu til hamingju með glæsilegan feril og þakkar henni kærlega fyrir hennar framlag til skíðaíþróttarinnar.

Sturla Leggur Skíðin á hilluna

Á síðasta tímabili ákvað Sturla að leggja skíðin á hilluna eftir glæsilegan feril tvenna Ólympíuleika og frábæran árangur í gegnum tíðina.

Alpagreinaneftnd Skíðasambands Íslands óskar Stulla til hamingju með glæsilegan feril og þakkar honum kærlega fyrir hans framlag til skíðaíþróttarinnar.

Formaður Alpagreinaneftndar, Sigurður Sveinn Nikulásson.

Skíðaganga

Landslið

Heimsbikarmót

Blaðsíða | 12

Snorri Eypór Einarsson var meðal keppenda á heimsbikarmótaröðinni í byrjun árs 2023. Hann ákvað að nú þyrfti hann ekki að keppa eins mikið og áður til að undirbúa sig fyrir HM, en nýtti tímann vel við æfingar heima fyrir þar sem aðstæður voru reyndar erfiðar, en hann náði samt að taka margar gæðaæfingar á hjólaskíðabretti sem SKÍ styrkti kaupin á. Ein besta ákvörðun sem SKÍ hefur tekið að mínu mati, enda skilaði það Snorra besta árangri hans frá upphafi.

En árangur hans var þessi í heimsbikarnum, 59. sæti tvisvar og 43. sæti einu sinni í Les Rousse í Frakklandi.

- 27.jan. 2023 – Les Rousse – 10 km frjáls aðferð – 59. Sæti
- 28.jan. 2023 – Les Rousse – Sprettganga hefðbundið – 59.sæti
- 29.jan. 2023 – Les Rousse – 20 km hefðbundið – 43.sæti

Heimsmeistaramót

Aðalmót vetrarins var heimsmeistaramótið í Planica í Slóveníu. Snorri Einarsson, Albert Jónsson, Dagur Benediktsson, Krístrún Guðnadóttir og Gígja Björnsdóttir voru valin á mótið. Snorri var með besta árangur Íslendinga og stóð sig frábærlega.

Úrslit Snorra á HM voru:

- 24. feb. 2023- skiptiganga 30 km – 28. sæti
- 26. feb. 2023 liðasprettur (Dagur og Snorri) - 22. sæti
- 1. mars. 2023- 15 km frjálst - **22 sæti**
- 5 mars. 2022 50 km hefðbundið - **15. Sæti**

15. sæti er langbesti árangur Íslendinga á stórmóti frá upphafi og sló þar með Snorri sitt eigið met frá Ólympíuleikunum í Kína árið á undan. Magnaður árangur þar sem Snorri var á meðal fremstu manna megnið af 50 km göngunni. Þetta sýnir að með réttu hugarfari, nægum og góðum æfingum, góðum æfingaaðstæðum og stuðning þá er hægt að ná langt á alþjóðavettvangi í skíðagöngu.

Albert Jónsson gerði sér lítið fyrir og vann undankeppni HM og fékk fyrir það 87 FIS stig. Flottur árangur. Hann endaði svo í 72. sæti í 15 km göngunni. Veturinn síðasti einkenndist af veikindum hjá Alberti en þegar hann keppti stóð hann sig vel og varð í 2. sæti í öllum göngum á SMÍ. Í lok vetrar tilkynnti Albert að hann væri hættur að æfa skíðagöngu. Dagur Benediktsson stóð sig ágætlega á HM. Hann náði 5. sætinu í undankeppni HM og mátti því taka þátt í einni lengri göngu á HM. Hann var svo með Snorra í liðaspretti þar sem þeir enduðu í 22. sæti. Dagur endaði svo í 75. sæti í 15 km göngu með frjálsri aðferð. Að öðru leyti tók Dagur þátt í Heimsmeistaramóti Háskóla í Bandaríkjunum og var um miðbik þeirra ganga sem hann tók þátt í. Dagur vann svo sprettgönguna á SMÍ. Krístrún endaði í 51.sæti í sprettgöngu. Síðan tók hún þátt í liðakeppni með Gígju Björnsdóttir og enduðu þær í 21. sæti. Krístrún endaði svo í 58. sæti í 10 km með frjálsri aðferð. Besti árangur Krístrúnar var reyndar í *Worldloppet* göngunum *Marcialonga* og *Vasaloppet* þar sem hún endaði í 31. og 39. sæti. Mjög flottur

árangur. Gígja Björnsdóttir lenti í 3. sæti í undankeppni HM. Flottur árangur. Hún var svo með Krístrúnu í liðaspretti og lentu þær sem sagt í 21. sæti. Í 10 km með frjálsri aðferð lenti hún í 66. sæti. Gígja tók líka þátt í heimsmeistaramóti háskóla í Bandaríkjunum og stóð sig ágætlega. Á landsmótinu vann hún sprettgönguna og 10 km með frjálsri aðferð.

EYOF

Blaðsíða | 13

Þann 21.-28. janúar var Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar á Ítalíu. Fóru 4 keppendur sem kepptu í skíðagöngugreinum, þeir Ástmar Helgi Kristinsson, Grétar Smári Samúelsson, Birta María Vilhjálmisdóttir og Sigríður Dóra Guðmundsdóttir. Þorsteinn Hymer hæfileikamótunarþjálfarinn og Lillie Marie Ofstad þjálfari SFÍ fóru sem þjálfarar og fararstjórar fyrir skíðagönguhópnum. Bestum árangri náði Fróði Hymer þegar hann varð í 19.sæti af 66 keppendum og fékk 125 FIS stig sem eru ein af hans bestu mótum á ferlinum. Greinilega mjög efnilegur ungur maður þarna á ferð. Fróði býr og æfir í Noregi og er talinn vera einn af 10 bestu í Noregi í sínum árgangi.

Bikarmót og SMÍG

Það gekk vel að halda bikarmótin og var hægt að halda nánast allar keppnirnar þrátt fyrir nokkuð erfiðan vetur. Skíðamót Íslands var haldið í Reykjavík og gekk vel, var það í annað sinn þar sem UMÍ og SMÍ eru sett saman í eitt mót. Að mati flestra er þetta form sem hefur reynst vel og er ætlunin að halda því áfram.

Íslandsgöngur

Íslandsgöngurnar voru allar haldnar. Einhver fjölgun í þátttakendafjölda var í sumum mótum en önnur með svipaðan fjölda og áður. Það hefur sýnt sig að þau héruð sem auglýsa mikið og gera mikið með gönguna hljóta verðskuldaða athygli og fjölgun þátttakenda. Margt er þó hægt að gera til að auka vegsemd seríunnar og tíminn mun leiða í ljós hvort hægt sé að gera einhverjar göngurnar meira alþjóðlegar og viðurkenndar erlendis. Nú þegar er Fossavatnsgangan hluti af *Worldloppet* seríunni og Bláfjallagangan hluti af *Euroloppet* og að verða hluti af *SkiClassic* seríunum.

Afrekshópur

SGN stofnaði svokallaðan afrekshóp sem byrjaði í vor eftir síðasta skíðatímabil. Þetta eru krakkar sem eru orðin of gömul til að vera í hæfileikamótun og hafa ekki náð lágmörkum inn í landsliðið. Krakkar sem eru mjög dugleg að æfa og hafa möguleika á að ná langt ef þau halda áfram, þar sem árangur í skíðagöngu krefst margra ára þrotlausra æfingar. Er óhætt að segja að þetta hefur farið vel af stað og allir mjög ánægðir með þetta. Uppleggið er að afrekshópurinn æfir með landsliðinu hér heima og einnig höfum við leyft nokkrum einstaklingum að vera með landsliðinu á samæfingum erlendis ef þeir hafa staðið sig vel í æfingum og testum. Einskonar gulrót og hvatningu fyrir alla.

Hæfileikamótun

Annað ár Hæfileikamótunarinnar og nú var það eingöngu Þorsteinn Hymer sem sá um það. Það er gríðarleg ánægja með störf Þorsteins og uppleggið á því prógrammi. Fyrsta samæfing

var haldin á Akureyri í júní og sú síðari á Ísafirði í september. Áætluð er skíðaferð til Noregs í lok nóvember með tveimur þjálfurum og einum fararstjóra.

Lowlanders prógram

Lítið sem ekkert hefur verið gert í að koma þessu prógrammi á. Við höfðum samband við Svíþjóð og buðum þeim fyrstum þjóða að senda einhvern hóp á æfingar með landsliðinu. Ekkert kom út úr því. En í grunninn er ástæðan þríþætt. Í fyrsta lagi er landsliðið auk afrekshópsins að virka vel saman og samæfingar hafa gengið vel. Í öðru lagi hafa hinar þjóðirnar sem við höfum rætt við sýnt þessu lítinn áhuga. Í þriðja lagi hefur okkur fundist *Lowlander* prógrammið hjá alpagreinunum staðið ótraustum fótum og við því vildum við bíða og sjá hvernig það kemur út til lengri tíma lítið.

Blaðsíða | 14

Þjálfaranámskeið

Fyrirhugað er að halda þjálfaranámskeið Þjálfari I í vetur. Einnig er áfram vilji til að halda námskeið reglulega. Ólafur Björnsson hefur séð um þessi námskeið fyrir SKÍ og stundum hefur komið erlendur aðili með honum. Til stendur að fá fleiri í lið með Óla til að dreifa álaginu.

Almennt

Að lokum er bara almennt mikill hugur í skíðagöngunni á Íslandi og námskeið fyrir almenning út um allar trissur. Ferðir innanlands og erlendis eru gríðarlega vinsælar og hefur orðið mikil fjölgun í slíkum ferðum. Æfingaaðstæður hafa batnað ár frá ári og skilningur skíðastaðann fyrir góðum brautum hefur aukist. Tvö hjólaskíðabretti eru nú til á Íslandi (sýna myndband) og fleiri eru á leiðinni. Eitthvað er verið að skoða bæði *Dryslope* brautir fyrir skíðagöngu samhliða alpagreina og snjóbretta brekkum. Það skýrist betur á næstu mánuðum hvort og hvenær það geti verið. Einnig er aftur verið að þreifa fyrir sér með skíðahús líkt og var gert rétt fyrir hrún. Þannig að það er mikið í gangi og spennandi hlutir að gerast.

Skíðaskotfimi

Síðasta vetur var keppt þrisvar sinnum í tvíkeppni í göngu. Fyrsta mótið var haldið daginn eftir Strandagönguna og tókst mótið gríðarlega vel hjá Strandamönnum. Þeir eiga mikið hrós skilið fyrir það. Strandamenn keyptu auk þess 4 laserriffla af Skíðasambandinu og hafa verið með æfingar í tvíkeppni fyrir krakkana sína. Daginn eftir Bláfjallagönguna var einnig tvíkeppni en með laserrifflum þar sem enginn snjór var í Skálafelli. Síðan var keppt í tvíkeppni á Ísafirði um páskana. Í sumar var svo keppt í hlaupatvíkeppni á UMFÍ og sáu Strandamenn um það mót. Í ágúst og september var svo haldið hlaupatvíkeppni í samstarfi við Skotfélag Kópavogs. Það mót tókst mjög vel og allir í skýnunum með mótið.

Í lok september var svo haldið kynningardagur fyrir bæði skíðagöngu og skíðaskotfimina í Fossvogsdalnum. Það tókst mjög vel. Eftir hádegi sama dag var svo hjólaskíðatvíkeppni fyrir börn og fullorðna. Skíðasambandið á nú 4 laserriffla og 5 stk. 22 kalibera riffla. Að auki á SKÍ 3 skotmörk. Bláfjöll á 3 skotmörk og Skotfélag Ísafjarðar 4 skotmörk. Til að auka veg skíðaskotfiminna / tvíkeppninnar þá þurfa félögin að kaupa meira af rifflum og skotmörkum og koma á reglulegum æfingum. Einnig þyrfti að halda einhvers konar bikarmót til að tékka í boxin hjá IBU og hafa möguleika á að fara úr E flokki yfir í D flokk og fá þá fleiri og hærri styrki

til að auka útbreiðslu þessarar skemmtilegu greinar. Í lokin er hér smá myndband af mótum og æfingum krakka og fullorðinna.

Einar Ólafsson, formaður Skíðagöngunefndar og starfshóps um Skíðaskotfimi

Snjóbretti:

Haldin voru 4 FIS snjóbrettamót í karla- og kvennaflokki veturinn 2023, tvö í *Slopestyle* (SS) og tvö í *Big Air* (BA). Þau voru bæði haldin á Akureyri dagana 11.-12. mars og 15.-16. apríl, sem var einnig Snjóbrettamót Íslands. Mótinu, sem átti að vera á Akureyri 11.-12. febrúar, var aflýst.

Blaðsíða | 16

A landslið:

Baldur Vilhelmsson
Benedikt Friðbjörnsson
Marinó Kristjánsson

B landslið:

Vildís Edwinsdóttir
Anna Kamilla Hlynisdóttir

Sem fyrr þá æfði A landsliðið okkar með *Why Ain't You Academy* (WAY) sem staðsett er í Zillertal í Austurríki. Steve Addicott er aðalþjálfari hjá WYY en hann og Kate Foster reka WAY. Steve hefur einni fylgt strákunum á stórmót sem þeir hafa keppt á. Strákarnir gátu valið á milli að vara 4 mánaða eða 6 mánaða prógrammi.

Vildís var að æfa að hluta til með WAY og síða í Are í Svíþjóð þar sem hún er búsett og með Progression í Klappen sem er einnig í Svíþjóð. Anna Kamilla stundaði nám og æfingar með NTG Geilo.

A landslið

Baldur Vilhelmsson tók þátt WC í Mammoth Mountain í USA þar sem hann endaði í 46 sæti í SS. Hann endaði í 2 sæti á FIS móti í SS í Oberammergau í Þýskalandi í SS. Hann landaði 3. sæti í SS á fyrsta móti vetrarins núna 12. október í Landgraaf í Hollandi.

Benedikt Friðbjörnsson slasaðist í nóvember 2022 og náði ekki að keppa fyrr en núna í október þar sem hann landaði 5. sæti í SS í Landgraaf í Hollandi.

Marinó Kristjánsson meiddist í febrúar sem gerði það að verkum að hann gat hvorki æfti né keppt í einhvern tíma en náði að taka þátt í EC í Cortvatsch í Sviss þar sem hann endaði í 39. sæti í BA og 51. sæti í SS og náði síðan tveimur 8. sætum eftir það á mótum í Austurríki.

B landslið

Vildís Edwinsdóttir varð Íslandsmeistari í SS og BA og varð í 2. sæti í SS á Sænska meistaramótinu ásamt því að lenda í 13 sæti á EC í Font Romeu í Frakklandi BA og 17. sæti í SS og síðan endaði hún nokkrum sinnum á palli á FIS mótum erlendis.

Anna Kamilla Hlynisdóttir tók þátt í Norska meistaramótinu og endaði í 3 sæti í BA og í 7 sæti í SS og endaði 6. sæti í tveimur *Norges Cup* mótum í bæði SS og BA, ásamt því að sigra á FIS móti í SS sem haldið var á Akureyri.

Skrifstofa SKÍ

Örfáar upplýsingar

um þróun iðkendafjölda í skíða- og brettaíþróttum 2010-2022

Blaðsíða | 17


Eftirfarandi eru helstu upplýsingar um fjölda iðkenda SKÍ frá árinu 2010 til 2022, fengnar frá ÍSÍ skv. skýrslum félaganna í gegnum Felix og Sportabler.

Hægt er að fá upplýsingar um fjölda eftir kyni og íþróttahéraði, ekki eftir greinum innan skíða- og bretta íþróttar eða aldri. Það er mikill galli að ekki er hægt að greina þróun einstakra greina innan hreyfingarinnar, nema að gripið sé til talningar keppenda. Á 21. öldinni ætti að vera auðvelt að bjóða að skrá iðkendur eftir greinum. Þetta er sérlega mikilvægt þar Skíðabandið á aðild að tveimur alþjóðlegum samböndum og kröfur eru gerðar um fjölda iðkenda. Slíkar upplýsingar eru líka nauðsynlegar félögum og sambandinu þegar kemur að stefnumótun og mælingu árangurs í útbreiðslustarfi hreyfingarinnar.


Heildarfjöldi

Flestir voru iðkendur á síðasta ári eða 1.655, en fæstir árið 2014 eða 1.256. Konur voru árið 2014, þá samtals 834 en 804 í fyrra. Karlar voru flestir árið 2016 eða 853 en 851 í fyrra.

Þó skráðum iðkendum hafi fjölgað á tímabilinu, hefur þeim sem hlutfall af heildaríbúafjölda landsins haldist nokkurn veginn í stað. Íbúum lands fjölgaði um 58.618 á tímabilinu, en iðkendum um 308.



Hlutfall kynja er því sem næst jafnt. Að meðaltali á tímabilinu voru karlar skráðir 51,6% og konur um 48,4%, en hlutföll sveiflast aðeins milli ára. Hlutfallslega voru konur flestar árið 2015 eða um 53,9% iðkenda. Ári síðar lækkar hlutfall þeirra í 45,3% sem er mesti munur á kynjunum á tímabilinu og hafði þá fækkað um 18% milli ára.



Breytingar innan og milli svæða

Fjöldi skráðra iðkenda innan héraða og landssvæða endurspeglar starfið og veðurfar líka eitthvað.

